

Kvæðasafn Krístrúnar Jónsdóttur (1806–1881). Lbs 4732 4to.



Krístrún Jónsdóttir. Mynd: Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands, Mms-35207.

Krístrún Jónsdóttir (1806–1881) er sennilega frægasta svikna unnustan á Íslandi enda var unnustinn sem sveik hana, Baldvin Einarsson, óskabarn þjóðarinnar og vonarstjarna. Hann lést ungur í bruna í Kaupmannahöfn en hafði áður orðið hált á svelli lystisemdanna þar í borg. Færri vita að Krístrún giftist á endanum, eignaðist börn og lifði í ástríku hjónabandi. Eigi að síður virðist sem hún hafi alla tíð syrgt sinn fyrri unnusta.

Krístrún var dóttir Þorgerðar Runólfsdóttur og séra Jóns Jónssonar í Stærra-Árskógi. Hún var skáldmælt og á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er varðveitt eiginhandarrit af kvæðum hennar (Lbs 4732 4to (I. hluti)). Ekki er handritið mikið að vöxtum en það sýnir að Krístrún var prýðilegt skáld.

Krístrún orti bæði um Baldvin og eiginmanninn, séra Hallgrím Jónsson. Ástin á Baldvini var upphafin og full af sorg og óþreyju, þó ekki án kímni. Ástin á Hallgrími var jarðbundin og djúprætt.

Guðrún Ingólfssdóttir, ágúst 2025.

Alltaf er Baldvin ungur
indæll, fökur og blíður
engilssvipur á enni
útvaldra myndum fegri.

[...]

Ekkert annað en vonin
um endurfundi og sælu
gat sefað harmi huga
þá horfinn mér varstu.

Hungruð var ég að heyra
herrans loforð og trúa
endurfundunum aftur
í eilífri gleði.

Ekkert annað en trúin
orkar að temja harminn
allt annað er menn reyna
ekkert dugir og svíkur.

Hann er sem sær við sanda
síkvíkur, æ vakandi
sefur ekki þó sofi
sálar hóbýlið þreytta.

Starði ég á himins stjörnur
starð' ég á höfund þeirra
trúði, huggaðist, hryggðist
harmurinn greip mig aftur.

Sjúk varð ég svo gekk lengi
svall um hjartað í barmi
ég gat samt ekki dáíð
sem ástarsjúk píka í sögum.

Við manninn minn sem svaf, en ég var andvaka

Þó nóttin sé dimm og dökk
dável sé ég þig í framan
sorgar undir myrkra mökk
man ég oft hið fyrra gaman.

Ég skal vera þér aftur góð
með ástarhjali við þig spauga
um þig kveða lipur ljóð
og lundblíð una í þínu auga.

Það er brúnt og það er blátt
þekur dökkvinn mest það hvíta
um það ræði ég ofurfátt
hvað inni það er gott að líta.